

Krílakot og Kátakot Dalvík

Október 2015

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR



Komið sæl

September var viðburðarríkur og mikið um að vera í Krílakoti og Kátakoti og ekki verður minna fjör eða færri verkefni í október. Þann 2. október var skipulagsdagur hjá starfsfólki leikskólanna og fór allt starfsfólk á skyndihjálparnámskeið. Það er mikilvægt að starfsfólk sé meðvitað um hætturarnar í umhverfinu og sé vel í stakk búið til að bregðast við ef slys verða. Við vonum að við þurfum ekki að nýta okkur þetta í framtíðinni en erum margs vísari um fyrstu hjálp og viðbrögð við slysum. Börnin í Kátakoti koma í heimsókn í október til að heilsa uppá gömlu kennarana sína og leika sér á gömlum slóðum. Foreldrakaffi er um miðjan mánuð og boðið er uppá foreldrasamtöl.

Síðdegis þann 2. október fengum við 80 leikskólakennara í heimsókn í Krílakot til að kynna sér skólann og njóta góðs matar í Bergi að því loknu. Kennararnir voru mjög svo hrifnir af skólanum og því starfi sem hér fer fram.

Í september skrifaði Dalvíkurbyggð undir þjóðarsáttmála um læsi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skólinn mun leggja sitt af mörkum í þessu átaki og við hvetjum foreldra til taka þátt og vera duglega að lesa fyrir börnin heima, hafa bækur aðgengilegar og leggja þannig grunn að lestrarfærni barna sinna.

Þetta er samstarfsverkefni sem allir þurfa að taka þátt í. Nú er kominn bæklingur í hólf barnanna með upplýsingum um þjóðarsáttmálann og bókamerki sem við hvetjum ykkur til að nýta.



Bestu kveðjur Drífa.

Foreldraráð 2015-2016

Vinum saman að velferð
barna okkar og leikskólans.

Freyr (Pórlaug Diljá)
Karl (Bríet Þóra)
Gísli Rúnar (Alexandra og Rákel Erla)
Sunna (Úlfur og Álfgrímur)



Uppbyggingarstefnan

Foreldrar eru beðnir um að minna börnin á regluna um kennarastólana. Börn eiga ekki að vera á kennarastólum.



Áhrif

Tilheyra

Frelsi

Gleði

Öryggi





Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Við ætlum

Við hvetjum foreldra til að hafa alltaf taupokann í hólfi barnanna og nýta undir óhreinan fatnað og mikilvægt er að kíkja daglega í pokann og taka óhrein fót með heim.



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)

Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

LAP

Ef þið skoðið í kringum ykkur þá sjáið þið að búið er að merkja rými með 5 tungumálum og svo vantar okkur fleiri foreldra í lið með okkur til að klára svo öll tungumál verði sýnileg í skólanum. Nú er að fara af stað verkefnavinna í LAP verkefni okkar.

Kennarar munu jafnvel hafa samband við ykkur til að fá aðstoð við verkefni s.s. Að koma með eitthvað að heiman, lesa fyrir börnin, koma með tónlist eða kenna söngva. Við vonum að foreldrar taki vel í þá vinnu og verði okkur innan handar.

APPROPRIATE PRACTICE



A Guide
for Working
with Young
Immigrant
Children

Öryggi barna

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði.

Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara og hjálmlaus á hjólum

Starfsmönnum ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.



Munið að loka alltaf hliðinu á eftir ykkur, bæði í Krílakoti og Kátakoti.

Stöndum saman og sköpum börnunum okkar örugg umhverfi

Verum dugleg að lesa fyrir börnin.

Bókasafnsferð

September 2015

